

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra um reikning fyrninga og vaxta vegna fjármögnunarleigu fólksbifreiða skv. 4. tölul. 50. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Útreikningur frádráttarbærs hluta leigugreiðslna rekstrarárið 2010 vegna fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 menn, þó að undanskildum leigubifreiðum, skal vera sem hér segir:

1. Fyrningargrunnur telst vera kaupverð bifreiðar eins og það er ákveðið við kaup leigusala (fjármögnunarleigufyrirtækis) á viðkomandi bifreið að frádregnum áður fengnum fyrningum.
2. Til frádráttar hjá leigutaka á rekstrarárinu 2010 telst 20% fyrning af fyrningargrunni skv. 1. tölul. hér að framan, að viðbættum 7,8% vöxtum reiknuðum hlutfallslega miðað við upphaf eða lok leigutíma á árinu 2010. Vextir reiknast af fyrningargrunni.
3. Fyrning skv. 2. tölul. hér að framan er heimil að fullu rekstrarárið 2010, hvort sem leigutímabilið hefst eða því lýkur á því ári.

Reykjavík, 31. desember 2010.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 7. janúar 2011